

Nd.

155. Átt

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Frá G. Eggerz og Stefáni Stefánssyni Eyf.

Eins og kunnugt er hefir frumvarp um sparisjóði legið fyrir þingunum 1913 og 1914. Það er því i þriðja sinn að slíkt frumvarp nú er lagt fyrir Alþingi.

Aðalágreiningsatriðið á fyrri þingum hefir verið það, hvernig haga skyldi eftirlitinu með starfsemi sparisjóðanna, og enn er það svo, að nefnd sú, er sett var til að athuga frumvarp þetta, hefir klofnað á þessu atriði.

Því hefir verið haldið fram, að aðalatriðið í frumvarpinu væri ákvæðið um skipun umsjónarmanns með ákveðnum árslaunum. Á þetta getum við ekki fallist.

Þess ber nefnilega að gæta, að samkvæmt núgildandi löggjöf, mega sparisjóðir haga lögum sínum sem þeim best þykir. Þetta teljum vjer mjög varúðarvert, að landsstjórnin geti á engan hátt hlutast til um, hvaða ákvæði skuli tekin upp í lög sparisjóða, eða hvernig fyrirkomulag þeirra skuli vera, sjerstaklega þegar þess er gætt, að þessum stofnunum fjölgar sem óðast og innstæða sparisjóðanna fer árlega vaxandi. En á þessu er ráðin bót með frumvarpi því, er hjer liggur fyrir, þótt eftirlit stjórnarinnar verði annað en farið er fram á í frumvarpinu.

Samkvæmt frumvarpinu má sparisjóður ekki taka til starfa fyr en Stjórnarráðið hefir staðfest lög hans og athugað, að ákvæðum þeim sje fullnægt, er frumvarpið inniheldur.

Má geta þessara tryggingarákvæða:

1. Í stjórn sjóðanna mega ekki vera færri en 3 menn. Nú eru aðeins 2 menn við suma sparisjóði, og eru þeir bæði starfsmenn og stjórn sjóðsins.
2. Ef fjehirðir fær þóknun fyrir starf sitt, er nemi meiru en 600 kr., skal hann setja tryggingu.
3. Reglur eru settar um, hvaða bækur skuli færðar við hvern sjóð, og hvernig bókfærslunni skuli hagað; enn fremur verður gefin fyrirmynd fyrir skjölum sjóðanna. Þetta er ekki þýðingarlitið atriði, að koma allri bókfærslu í sem óbrotast og hagfeldast lag og með sama sniði við alla sjóði landsins.
4. Varasjóður sjóðanna má ekki að öllu leyti vera veltufje.
5. Sjóðunum er skylt, ef þeir ná 50,000 kr. auk varasjóðs, að eiga í Landsbankanum eða í verðbrjefum 3% af innstæðufjenu.

Við höfum bent á framangreind atriði, til þess að leiða athygli að því, að þau ein tryggja mikið alla starfsemi sparisjóðanna, og er þá að athuga sjálft eftirlitið frá landsstjórnarinnar hálfu.

Leiðir þær, er farnar hafa verið á fyrri þingum, eru aðallega þessar:

1. Einn umsjónarmaður, er skyldi hafa eftirlit með öllum sparisjóðum landsins undir umsjón Stjórnarráðsins.
2. Að fela eftirlitið fleiri mönnum, annaðhvort þannig, að sjerstakur maður skoði hvern sjóð, eða þá þannig, að einn maður hefði nokkra sjóði, er lægju nálægt hver öðrum, til umsjónar.
3. Að Stjórnarráðið láti bankavanan mann einu sinni athuga allan hag sparisjóðanna, og setji, að skoðuninni lokinni, sjerstakan eftirlitsmann, er búsettur sje í sömu sýslu, er hlutaðeigandi sparisjóður liggur.
4. Að bankafróður maður líti eftir þeim sparisjóðum, þar sem innstæðufjeð nemur 100,000 kr. eða meira.

Við undirritaðir viljum að sjálfsögðu að sparisjóðir landsins sjeu sem best tryggðir, en vjer sjáum ekki, að nein trygging felist í því, þótt ókunnur maður verði sendur, enda þótt bankafróður sje, eins og ráðgert er í frumvarpinu, til þess að skoða sparisjóði landsins. Umsjónarmaðurinn á að hafa í árslaun, fyrir

utan ferðakostnað og dagpeninga á ferðum, 1200 kr., en launin eru svo lág, að ekki er hugsandi, að til þess starfa fengjust aðrir en ungir og óreyndir menn, og skifti yrðu iiklega árlega.

En nú myndi, að okkar hyggju, eitt af aðalhlutverkum umsjónarmannsins verða það, að athuga gjaldþol þeirra manna, sem skífta við sjóðina, ábyrgðir og fasteignaveð. Við höfum enga trú á því, að ókunnur maður geti gagnrýnt gerðir sparisjóðastjórnanna í þessum sökum.

Þótt við undirritaðir sjeum fremur þeirrar skoðunar, að umsjónarmaður, eins og ræðir um í frumvarpinu, verði ekki til mikillar tryggingar fyrir sjóði vora, þá er okkur hins vegar kunnugt um, að aðrir líta öðrnvísi á mál þetta, og viljum vjer því til máламиðlunar leggja til, að stjórninni sje heimilt að láta bankafróðan mann athuga starfsemi þeirra sjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að öðru leyti finnum við ekki ástæðu til þess, að gagnrýna frekar eftirlitsleiðir þær, er brotið hefir verið upp á á fyrri þingum, þar eð þær allar hafa verið margræddar.

Samkvæmt framanskráðu leyfum við okkur að bera fram þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr.

Á eftir orðunum »taki lán úr sjóðnum« komi:
nema með leyfi aðalfundar og gegn fyrsta veðrjetti í fasteign, enda sju $\frac{2}{3}$ ábyrgðarmanna á fundi.

2. Við 10. gr.

Orðin »og umsjónarmann sparisjóða« falli burt.

3. Við 12. gr.

Orðin í 5. málsgrein »og lánsynjanir« falli burt.

Orðin í síðustu málsgrein »eftir tillögum umsjónarmanns« falli burt.

4. Við 13. gr.

3. málsgrein orðist þannig: eftir orðin: »fyrir slíkri upphæð« komi:
þegar varasjóður nemur 10% af innstæðufjenu, fellur þó þessi skylda niður

5. Við 16. gr.

Orðin »umsjónarmanns sparisjóða« í 3. málsgrein falli burt.

6. Við 19. gr.

Orðin í 2. málsg. »Ella sendi — misfellurnar« falli burt.

7. Við 20. gr.

Í stað orðanna í 1. málsg. »að dómi umsjónarmanns sparisjóða« komi:
að dómi endurskoðenda sparisjóðsins.

8. Við 21. gr.

Í stað orðanna »getur Stjórnarráðið« komi:
getur sýslunefnd eða bæjarstjórn.

9. Við 22. og 23. gr.

Í stað þessara greina komi ný grein, og breytist tala eftirfarandi greina eftir því, sem hljóði þannig:

22. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur, svo oft sem nauðsyn krefur, bankafróðan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag þeirra sparisjóða, sem eiga 100,000 kr. eignir eða meira. Að loknu eftirliti gefur hann stjórninni nákvæma skýrslu um alt ástand sjóðanna og hag þeirra.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er og stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða, að láta Stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og hag þeirra, sem nauðsyn þykir að krefjast, og getur Stjórnarráðið látið beita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til hlutaðeigenda. Sektarfjeð rennur i landssjóð, og má taka það lögtaki, ef það er ekki greitt í gjaldaga.

Í fjárlögum skal veita hæfilega þóknun til þessa eftirlits.

Alþingi, 27. júlí 1915.

G. Eggerz,
framsögumaður.

Stefán Stefánsson, Eyf.